



Fundargerð hreppsnefndar 14. febrúar 2013

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 14. febrúar 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt: Ásrún Jörgensdóttir, Bárður Jónasson, Fjóla Valsdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Þórunn Egilsdóttir og Guðrún Anna Guðnadóttir er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 31. janúar sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 31. jan. Sl
Fundargerðin samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
2. mál Fundargerð Fræðslunefndar frá 6. febrúar sl.
Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 6. feb. sl.
Nokkrar umræður urðu um lið 2 fundargerðarinnar þar sem fjallað er um mikilvægi þess að ráðast í endurbætur á eldri byggingu skólans.
Oddviti upplýsti að verið er að vinna að verkáætlun á vegum Verkfræðistofu Norðurlands varðandi þetta mál og fyrirhugað er að fara í framkvæmdir á þessu ári. Mikilvægt er að ráðast í endurbætur á eldri byggingu skólans.
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
3. mál Starf fulltrúa menningararfs og ferðamála.
Lögð voru fram gögn varðandi verksvið þessa sem sinna mun starfinu.
Nokkrar umræður urðu um málið.
Samþykkt að vikufrestur væri gefin til að skila inn tillögum og ábendingum varðandi starfslýsingu sem skal koma til oddvita.
4. mál Yfirlýsing sveitarfélaga á Austurlandi um almenningssamgöngur. Drög lögð fram til kynningar. Eftir nokkrar umræður var eftirfarandi ályktun borin upp:
„ Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fagnar þeim áfanga sem náðst hefur í almenningssamgöngum á Austurlandi og hvetur til áframhaldandi vinnu á þessu sviði. Því mikilvægt er að móta heildstætt kerfi almenningssamgangna sem tengja mun allar byggðir saman og vera raunhæfur kostur fyrir íbúa og ferðamenn.“
Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
5. mál Samráðsfundur vegna komandi hreindýraveiðitímabils.
Fulltrúar Umhverfisstofnunar óskuðu eftir fundi með forsvarsmönnum sveitarfélagsins 11. febrúar sl. vegna fyrirhugaðrar breytinga á hreindýraveiðum. Nú eru horfur á að fleiri dýr verði felld í Vopnafirði þar sem kvóti á svæði 1 er nú 188 dýr. Svæði 1 er Vopnafjarðarhreppur, Jökuldalur norðan Jökulsár á Brú og Jökulsárhlíð. Vitað er að stórar hjarðir hafa hafst við norðar á svæðinu en áður og því má reikna með meiri ágangi veiðimanna á svæðinu. Farið var yfir ferðaleiðir þ.e. þekkta slóða og mögulega aðkomu að veiðisvæðum. Til fundar voru kallaðir oddviti, varaoddviti, skrifstofustjóri Vopnafjarðarhrepps og að ósk Umhverfisstofnunar formaður landbúnaðarnefndar og Pétur V. Jónsson hreindýraleiðsögumaður. Fulltrúar Umhverfisstofnunar voru þeir Stefán Bogi Sveinsson, lögfræðingur, Steinar Rafn Beck sérfræðingur á sviði náttúruauðlinda og Jóhann Guttormur Gunnarsson sérfræðingur á sviði náttúruauðlinda. Oddviti og varaoddviti greindu frá fundinum.

6. mál Kaupvangur. Skipun í starfshóp sem vinnur að stefnumörkun fyrir Kaupvang. Samkvæmt tillögu sem kom fram á hreppsnefndarfundum 22. nóv. sl. var skipað í sérstaka nefnd sem vinna skal að stefnumótun fyrir Kaupvang og gera drög að framtíðarsýn fyrir starfsemi þar. Nefndin skal hafa samráð við íbúa og fulltrúa menningararfs og ferðamála.

Stungið var upp á Birni Hreinssyni og Fjólu Dögg Valsdóttur sem fulltrúum meirihluta og Sigríðu Elvu Konráðsdóttur frá minnihluta. Nefndin skal skila af sér um miðjan maí 2013. Sigríður Elva kallar nefndina saman til vinnu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

7. mál Beiðni Langanesbyggðar varðandi tímabundna urðun á sorpi. Gögn lögð fram til upplýsingar. Fram kemur að hvorki Umhverfisstofnun né Heilbrigðiseftirlit Austurlands gera athugasemd við málsmeðferð hreppsnefndar á beiðni Langanesbyggðar um tímabundna urðun á sorpi á urðunarstað Vopnafjarðarhrepps við Búðaröxl. Lagt fram til kynningar.

8. mál Hafnarbyggð, Vopnafirði malbiksframkvæmdir. Bréf Vegagerðarinnar dags. 24. jan. 2013.

Lagt fram svarbréf Vegagerðarinnar frá 24. jan. sl. við ósk Vopnafjarðarhrepps um að þátttöku Vegagerðarinnar í malbikun Hafnarbyggðar.

Hreppsnefnd fagnar góðum undirtektum Vegagerðarinnar við beiðninni og felur sveitarstjóra og oddvita að vinna málið áfram.

9. mál Ýmis mál

a) Tilkynnt að Námsmatsstofnun hefur umsjón með framkvæmd ytra mats á leik- og grunnskólum. Bréf dags. 22. janúar 2013

Lagt fram til kynningar.

b) Ungmennafélag Íslands. Bréf dags. 24. janúar 2013.

Lagt fram til kynningar.

c) Umhverfisstofnun. Bréf dags. 28. janúar 2013

Lagt fram til kynningar

Fundi slitið kl 16.47